

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. mars 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-103/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 13. nóvember sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á farsíma, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 25. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum frest til þess að skila þeim til 9. desember. Engin andsvör bárust og engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 10. mars sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 2. apríl 2013 keypti álitsbeiðandi nýjan farsíma af seljanda fyrir kr. 112.547. Var farsíminn af gerðinni Nokia Lumia 920 Red. Er reikningur fyrir kaupunum, dags. 2. apríl, gefinn út á einkahlutafélagið Z, en álitsbeiðandi mun vera fyrirsvarsmáður þess félags. Segir álitsbeiðandi að síminn hafi bilaði í þrígang og að bilunin hafi lýst sér eins í öll skiptið, þ.e. þannig að síminn byrjaði að hitna, slökkti síðan á sér og í kjölfarið var ekki hægt að endurræsa hann. Fór álitsbeiðandi með símann í fyrstu viðgerð til seljanda hinn 22. júlí 2013, í annað skipti hinn 26. júlí og í þriðja skipti hinn 15. október. Segist álitsbeiðandi aldrei áður hafa átt snjallsíma. Þegar síminn bilaði í þriðja skiptið neitaði álitsbeiðandi að taka við honum. Segist hann í kjölfarið hafa keypt sér samskonar farsíma af þriðja aðila og hafi sá sími aldrei hitnað líkt og síminn sem hann keypti af seljanda. Þá segist álitsbeiðandi hafa verið rólegur yfir því þegar síminn bilaði í fyrstu tvö skiptin, en þegar síminn bilaði í þriðja skiptið þá hafi hann verið búinn að fá nóg. Hafi hann þá sagt starfsmönnum seljanda að hann vildi fá símann bættan, en starfsmennirnir hafi sagt honum að það væri ekki í þeirra höndum að taka ákvörðun um það. Fékk álitsbeiðandi því lánssíma á meðan málið var kannað. Þegar viðgerð á símanum var lokið segist álitsbeiðandi hafa skilað lánssímanum, en neitað að taka aftur við sínum síma. Í kjölfarið hafi honum verið tilkynnt að seljandi neitaði að endurgreiða honum símann.

Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að fá símann endurgreiddan, þ.e. að kaupunum verði rift. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi fyrir kaupunum á símanum, dags. 2. apríl 2013, afrit af bréfi álitsbeiðanda til Neytendasamtakanna, dags. 27. október, afrit af bréfi Neytendasamtakanna til seljanda, ódagsett, og afrit af bréfi seljanda til Neytendasamtakanna, dags. 1. nóvember 2013. Í bréfi seljanda til Neytendasamtakanna kemur m.a. fram að seljandi hafi tekið við síma seljanda hinn 22. júlí. Síminn hafi verið prófaður en ekkert óeðlilegt hafi komið fram. Hinn 26. júlí hafi seljandi aftur tekið við símanum en við greiningu í það skiptið hafi komið í ljós að hreyfiskynjari í símanum virkaði ekki eðlilega. Var í kjölfarið skipt um hreyfiskynjarann. Hinn 15. október tók seljandi við símanum í þriðja skiptið. Við skoðun kom í ljós sambandsleysi í skjátengi sem var lagfært strax. Prófanir á símanum leiddu ekki í ljós að síminn ofhitnaði né eyddi rafhlöðu óeðlilega hratt, líkt og álitsbeiðandi hafði haldið fram. Í

kjölfarið hafi álitsbeiðandi síðan neitað að taka við símanum aftur. Var síminn hafður til prófana til 29. október án þess að bilun kæmi fram.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna, en kaupandi símans er einkahlutafélag en ekki einstaklingur og því geta kaupin ekki fallið undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. og 3. mgr. 1. gr. laganna, en þar segir m.a. að með neytendakaupum sé átt við sölu hlutar til neytanda og að með neytanda sé átt við einstakling sem kaupir söluhlut utan atvinnustarfsemi.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi farsíma af seljanda hinn 2. apríl 2013 fyrir kr. 112.547. Var farsíminn af gerðinni Nokia Lumia 920 Red. Bilaði farsíminn þrisvar á tímabilinu 22. júlí til 15. október 2013. Telur álitsbeiðandi símann hafa verið haldinn galla og krefst þess að kaupnum verði rift. Af gögnum máls verður ráðið að seljandi hafi þegar hafnað kröfum álitsbeiðanda um riftun.

Í 17. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup er fjallað um eiginleika söluhlutar. Þar segir í a-lið 2. mgr. að ef annað leiði ekki af samningi skuli söluhlutur henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til. Í 4. mgr. 17. gr. segir síðan að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr. 17. gr. Telur kærunefndin að ljóst sé að síminn álitsbeiðanda var haldinn galla í skilningi áðurrakinna ákvæða þegar komið var með hann til viðgerðar til seljanda 22. júlí, enda þótt sá galli hafi ekki uppgvötast fyrr en álitsbeiðandi kom aftur með símann til viðgerðar til seljanda hinn 26. júlí. Þann galla bætti seljandi úr líkt og gert er ráð fyrir skv. 34. og 36. gr. laganna. Þegar síminn bilaði aftur hinn 15. október framkvæmdi seljandi á ný úrbætur skv. fyrrgreindum ákvæðum laganna. Ekki er annað komið fram en að viðgerðin hafi verið fullnægjandi, þ.e. að síminn virkaði sem skyldi eftir prófun. Ekki er í raun deilt um að síminn hafi fyrir viðgerðina verið haldinn galla og ekkert bendir til þess að þeir gallar sem hrjáðu símann hafi verið sök álitsbeiðanda eða stafað af aðstæðum sem hann vörðuðu í skilningi 1. mgr. 30. gr. laganna. Álitsbeiðanda var því heimilt í öllum tilvikum að bera fyrir sig vanefndarúrræði skv. 31-40. gr. laganna. Þegar álitsbeiðandi fór með símann í síðustu viðgerð til seljanda hinn 15. október krafðist hann hins vegar nýrrar afhendingar skv. 2. mgr. 34. gr. laganna. Þar segir m.a. að kaupandi geti krafist nýrrar afhendingar ef galli er verulegur. Seljandi hélt hins vegar fast við rétt sinn til að framkvæma úrbætur á símanum. Skv. 2. mgr. 34. gr. laganna er skilyrði þess að slík krafa sé sett fram af kaupanda sú að gallinn sé verulegur. Er 2. mgr. 34. gr. lausafjárkaupalaga því ólík 2. mgr. 30. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, að því leyti að skv. síðarnefndu lögunum á seljandi ekki rétt á að bæta úr sama galla oftast en tvisvar sinnum nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi. Sama regla gildir ekki samkvæmt lögum um lausafjárkaup. Verður því að meta sjálfstætt hvort galli geti talist verulegur í skilningi 2. mgr. 34. gr., enda er það skilyrði þess að kaupandi geti krafist nýrrar afhendingar í þeim tilvikum sem seljandi nýtir sér heimild sína skv. 1. mgr. 36. gr. til að framkvæma úrbætur í stað þess að verða við kröfum um nýja afhendingu. Við mat á slíku er stuðst við hvað teljist vera veruleg vanefnd í skilningi 94. gr. laganna. Í 94. gr. segir m.a. að vafnefndir teljist verulegar ef þær leiði til slíks tjóns fyrir kaupanda að hann teljist af þeirra völdum mun verr settur en hann

mátti með réttu vænta. Í skýringum sem fylgdu með frumvarpi til laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup segir m.a. um 94. gr.:

„Í gildandi rétti hefur verið ákveðin tilhneiging til að virða aðstæður í heild sinni þegar tekin er afstaða til þess hvort riftunarheimild sé fyrir hendi eða ekki, þ.e. hvort vanefndirnar sem slíkar gefi réttmæta ástæðu til riftunar. Umfang og eðli vanefndar er þá m.a. metið með hliðsjón af öðrum þáttum, t.d. með hliðsjón af afleiðingum sem riftun hefur fyrir aðila, sök sem liggur að baki vanefndum, tilkynningum sem gengið hafa á milli aðila, valkosti sem kann að felast í öðrum vanefndaúrræðum, t.d. afslætti eða úrbótum, tíma sem kann að hafa liðið og loks erfiðleikum sem kunna að vera á því að gera upp kaupin endanlega.“

Kærunefndin telur, þegar málið er metið heildstætt, að ekki sé um verulega vanefnd seljanda að ræða í skilningi laganna. Er rétt að benda á það í þessu samhengi að kröfu sinni hefði álitsbeiðandi getað haldið á lofti, hefði hann kosið að kaupa hinn umdeilda farsíma sjálfur, en ekki látið einkahlutafélag sitt um þau kaup. Þar sem seljendum skv. lausafjárkaupalögum er gefið meira ráðrúm til að framkvæma ítrekaðar úrbætur á gölluðum söluhlutum, en leiðir af neytendakaupum, þurfti álitsbeiðandi því að þola það að seljandi gerði tilraun í þriðja skiptið til að framkvæma úrbætur á síma hans, enda mun sú viðgerð hafa, skv. gögnum málsins, heppnast. Getur kærunefndin því ekki fallist á, eins og málum er hér háttað, að seljandi hafi átt rétt á nýrri afhendingu skv. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Af því leiðir að krafa álitsbeiðanda um riftun skv. 39. gr. sömu laga er haldlaus. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda. Kærunefndin telur þó rétt að taka fram að óski álitsbeiðandi þess, er seljanda skylt að afhenda honum að nýju síma þann er hann keypti af seljanda hinn 2. apríl 2013. Kærunefndin telur þó rétt að taka fram að slíkt getur verið bundið nokkrum vandkvæðum þar eð bú seljanda var úrskurðað gjaldþrota hinn 20. janúar sl.

V

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X f.h. Z, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir